

Heimahjúkrunarumsjón

Breyta í öllum flipum

Tímabókun bókuð á annan dag

Einstaklingur í leyfi

Saga 2020.3

Breyta

Nú er hægt að hægrismella á nafn/línu alls staðar í Heimahjúkrunarumsjón og fá upp valmöguleikann „Breyta“.

The screenshot shows the 'Stundaskrár teyma' (Team Schedule) section for Friday. It displays three plans: Plan 1 (11:22 kst., 10 bókanir), Plan 2 (11:34 kst., 7 bókanir), and Plan 3 (6:45 kst., 8 bókanir). A context menu is open over the 11:00-11:30 slot in Plan 2, with 'Breyta' (Change) highlighted. Other options include 'Setja sem valinn einstaklingur' (Set as selected individual).

Tímabókun bókuð á annan dag í stundaskrá

Skipuleggja tímabókanir:

Í Yfirliti tímabókana, í aðgerðarhappinum „Skipuleggja tímabókanir“ er nú hægt að velja að bóka á annan vitjunardag en stundaskrárfærslan er fyrir.

Sem dæmi ef vitjun á stórhátíðardegi kemur upp á virkum degi eins og t.d. 17. júní. Í slíku tilfalli skal sinna verkþáttum sem tilheyra helgardegi en ekki virkum degi og því þarf að flytja verkþætti á annan dag.

Mjög mikilvægt er að velja næsta helgardag eftir daginn sem hátíðisdagur kemur upp á en ekki laugardag eða sunnudag sem er liðinn.

The dialog box 'Skipuleggja tímabókanir' shows the following settings:

- Teymi: Ástuteymi
- Áætlun: heel
- Dagur: laugardagur, 20. júní 2020
- Bóka á annan dag:
- Bókunardagur: miðvikudagur, 17. júní 2020
- Sýna allt starfsfólk:
- Bóka á: [Empty field]
- Óbokaðar stundaskrárfærslur: [Empty list]
- Velja allar:

ATH. Það þarf að bóka fyrst færsluna fyrir daginn sem er ekki sami dagur, þegar búið er að bóka á sama dag er ekki lengur hægt að velja færsluna í viðmótinu.

Yfirlit tímabókana

Í Yfirliti tímabókana þegar valinn er laugardagur þá sést að vitjunin er skráð á 17. júní.

| Stundaskrá | Tímabókun |
|---|--|
| Tími | Starfsmaður tímabókunar |
| 03:00-05:00 - Símavitjun Plan 1 - Sjúkraliði 1/2 | |
| 09:00-09:30 - Vitjun Plan 1 - Sjúkraliði 1/2 | |
| 11:00-13:00 - Símavitjun heel | Miðvikudagur 17.06.2020 kl. 11:00 - 13:00 Anna Jónsdóttir |

Svo þegar valið er „Dagskrá starfsfólks“ og miðvikudagur 17. júní er valinn þá birtist vitjunin á þeim degi.

Anna Jónsdóttir (2:00 kst., 1 bókun)

11:00 - 13:00 Be Anna

Þegar búið er að skipuleggja tímabókanir fyrir báða daga, þ.e. miðvikudaginn 17. júní og laugardaginn 20. júní þá birtist appelsínugul bóla í Yfirliti tímabókana og ef mús er rennt yfir bóluna birtist sviftexti sem segir að fleiri en ein tímabókun er skráð fyrir þessa stundaskrárfærslu á tímabilinu.

| Stundaskrá | Tímabókun |
|---|---|
| Tími | Starfsmaður tímabókunar |
| - Símavitjun Plan 1 - Sjúkraliði 1/2 | |
| - Vitjun Plan 1 - Sjúkraliði 1/2 | |
| 11:00-13:00 - Símavitjun heel | Laugardagur 20.06.2020 kl. 11:00 - 13:00 Anna Laufey |

Fleiri en ein tímabókun er skráð fyrir þessa stundaskrárfærslu á tímabilinu 07.06.2020 - 21.06.2020

17.06.2020 11:00 - Símavitjun - Anna Jónsdóttir
20.06.2020 11:00 - Símavitjun - Anna Laufey

Einungis eru birtar upplýsingar um síðustu tímabókunina í töflunni. Ef breyta þarf öðrum tímabókunum þarf að finna þær í dagskrá starfsfólks og breyta þeim þar.

Útprintun dagskrár starfsfólks

Ef dagskrá starfsfólks er prentuð út úr dagskrá starfsfólks í heimahjúkrunarumsjón eða úr dagskrá í forsíðu starfsmanns þá eru verkþættir fyrir vikudag tengdrar stundaskrárfærslu prentaðir út, ef sá dagur er ekki sá sami og vitjunardagur.


Efst í verkþáttalistanum er nafn vikudagsins prentað ef hann er annar dagur en vitjunardagur. Sama á við um „Til minnis“ atriði.

Athugið að sama gildir í símaviðmótinu (appinu) og útprintun, að verkþættir eru birtir fyrir stundaskrárdaginn en ekki fyrir tímabókunardaginn.

Einstaklingur í leyfi

Nú er sýnt í Heimahjúkrunarumsjón ef einstaklingur hefur verið skráður í leyfi í Legueiningunni.

Í Heimahjúkrunarumsjón er sýnt að einstaklingur sé í leyfi ef færslurnar sem er verið að birta eru innan leyfisins. Í Heimahjúkrunarumsjón sést að einstaklingur er í leyfi í Dagskrá starfsfólks, Skjólstæðingar, Skjólstæðingar (uppfæra skjólstæðing), Stundaskrár teyma, Yfirlit tímabókana (Teymi) og Yfirlit tímabókana (Skjólstæðingar)



| Stundaskrá | | Tímabókun |
|---|-------------------------|--------------------------------------|
| Tími | Áætlun | Starfsmaður tímabókunar |
| 03:00-05:00 | Plan 1 - Sjúkraliði 1/2 | Elín Margrét Lýðsdóttir - Símavitjun |
| 10:00-11:00 | Plan 2 - Sjúkraliði 1/2 | Jóna Jónsdóttir - Vitjun |
| Fjarverandi frá 19.10.2020 13:23 til 22.10.2020 13:23 | | |

Með kveðju,
Origo Heilbrigðislausnir